

## Niðurstaða gjaldeyrisútboða

Hinn 15. maí 2014 bauðst Seðlabanki Íslands til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi eða gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Jafnframt kallaði Seðlabanki Íslands eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Útboðin tvö um kaup á evrum fóru fram á milli kl. 9:30 og 10:30 í dag. Krónukaupaútboðið fór fram á milli kl. 10:45 og 11:30. Útboðin voru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011. Þetta má einnig sjá í skilmálum Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta með síðari breytingum frá 18. nóvember 2011.

### Niðurstaða útboða um kaup á evrum

Alls bárust 95 tilboð að fjárhæð 37,6 milljónir evra og var tilboðum að fjárhæð 35,9 milljónir evra tekið. Útbóðsverðið var ákveðið með þeim hætti að öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 186 kr. fyrir hverja evru.

Lykiltölur	Alls	Ríkisverðbréf	Fjárfestingarleið
Fjöldi tilboða	95	21	74
Heildarupphæð EUR	37,6 m	1,8 m	35,8 m
Tekin tilboð EUR	35,9 m	1,3 m	34,6 m

Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn í ríkisverðbréfaeiðinni fá fjárfestar afhent verðtryggð ríkisverðbréf RIKS 33 0321. Samtals voru seld bréf í flokknum fyrir 232 milljónir króna að nafnvirði. Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn í fjárfestingarleiðinni fá fjárfestar íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Samtals voru keyptar evrur að andvirði 6,7 ma.kr. í útboðunum tveimur.

### Niðurstaða útboðs um kaup á krónum fyrir evrur

Útbóðsverðið var ákveðið með þeim hætti að öll samþykkt tilboð voru tekin á sama verði (e. single price), sem var ákvarðað 186 kr. fyrir hverja evru. Alls bárust 24 tilboð að fjárhæð 7,1 ma.kr. og var tilboðum að fjárhæð 6,7 ma.kr. tekið.

Lykiltölur	Alls
Fjöldi tilboða	24
Heildarupphæð ma.kr.	7,1
Tekin tilboð ma.kr.	6,7

Næsta gjaldeyrisútbóð verður haldið 2. september 2014.

Nánari upplýsingar veitir Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri í síma 569-9600.